ÍSAFJARÐARBÆR

# TILLAGA AÐ ÓVERULEGRI DEILISKIPULAGSBREYTINGU

## Suðureyrarmalir - Skólagata 8




Gildandi deiliskipulag Mkv. 1:1000




Tillaga að breytingu Mkv. 1:1000

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020



SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðir fyrir blandaða starfsemi
- Íbúðarlóðir
- Lóðir fyrir hafnsækinn iðnað
- Byggingarreitir
- Bindandi mænisstefna (± 10°)
- Lóðarstærðir (L: 938,42 m²)
- Númer lóðar (8)
- Hnit lóðarmarka
- Bílastæði - sýnt til skýringar
- Göngustígar
- Svæði fyrir áningarstað / minnisvarða
- Sjóvarnargarður
- Kvaðir
- Hverfisverndarsvæði
- Núverandi byggingar - sýndar til skýringar
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Rafveita
- Fráveita
- Boðveita

## GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. Deiliskipulag fyrir Suðureyrarmalir var samþykkt 3.11.2016 og tók gildi 7.12.2016. Markmið gildandi skipulags er að efla atvinnulíf og bæta mannlíf Suðureyri með markvissri uppbyggingu á svæðinu. Breyting er gerð skipulagsuppdrætti og í greinargerð.

Breytingin felst í því að lóðir nr. 8 og 10 við Skólagötu og nr. 1 við A-stíg eru sameinaðar í eina lóð; Skólagötu 8. Stærð lóðarinnar verður 534,29 m² sem er samanlögð stærð fyrri lóða. Byggingarreitir eru sameinaðir í einn reit en hámarksbyggingarmagn innan lóðarinnar verður það sama og samanlagt byggingarmagn á fyrri lóðum.
Nýting lóðarinnar breytist úr íbúðarlóðir í lóð fyrir blandaða starfsemi, til samræmis við aðliggjandi lóðir. Ákvæði deiliskipulagsins um lóðir fyrir blandaða starfsemi gilda nú um Skólagötu 8. Líkt og í gildandi skipulagi skal áhersla lögð á að draga fram sögu og sérkenni Suðureyrarmala auk áhersla á upplifun ferðamanna á sjávarþorpi og eflingu sjálfbærni samfélagsins.
Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

Hluti töflu 2.1 - Stærðir og nýtingarhlutfall lóða

| | Gildandi skipulag | | | | Nýtt skipulag | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | stærð lóða í m² | nýtingar-hlutfall | hámarks-stærð bygginga í m² | hámarks-stækkun bygginga í m² | stærð lóða í m² | nýtingar-hlutfall | hámarks-stærð bygginga í m² | hámarks-stækkun bygginga í m² |
| Skólagata 8 | 177,89 | 0,70 | 124,52 | 124,52 | 534,29 | 0,70 | 374,00 | 374,00 |
| Skólagata 10 | 164,00 | 0,70 | 114,80 | 114,80 | | | | |
| A-stígur 1 | 192,40 | 0,70 | 134,68 | 134,68 | | | | |
| **SAMTALS** | **534,29** | | **374,00** | **374,00** | **534,29** | | **374,00** | **374,00** |

**Áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar**

Tillagan er í samræmi við stefnu gildandi skipulags sem gerir ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi á svæðinu. Áhrif breytingarinnar eru talin óveruleg þar sem *minni hreinleg starfsemi* var heimil á íbúðarlóðunum fyrir breytingu. Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á svæðið í heild með starfsemi sem falli vel að áherslum miðsvæða og eflingu atvinnulífs og mannlífs á Suðureyrarmölum. Vandaður frágangur húss og lóðar getur haft jákvæð áhrif á nærliggjandi byggð.

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagbreytingin var samþykkt í í sveitarstjórn þann ____________

_______________________________

Skólagata 8 - óveruleg breyting á deiliskipulagi

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:1000/A3 | DAGS. 22.10.2020 | VERKFANG: 16170-001 |
| UNNIÐ AF: EBK | RÝNT: ÞRS | SAMÞ: EBK |

VERKÍS